

## Umhverfisstefna

### 1. Tilgangur og umfang

Umhverfisstefnan tekur til allrar starfsemi félagsins og starfsfólk jafnt sem stjórn skal virða hana í öllum störfum sínum fyrir félagið.

### 2. Stefna

Isavia mun lágmarka áhrif neikvæðra umhverfisþátta í starfsemi sinni og hefur umhverfismál ávallt til hliðsjónar í ákvarðanatöku fyrirtækisins.

### 3. Markmið

Isavia vinnur með virkum og skipulögðum hætti að eftirfarandi:

- Haga störfum okkar þannig að neikvæðum umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki og unnið sé í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14001 um umhverfisstjórnun og fara í ACA vottun um kolefnislosun flugvalla.
- Uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum er varða umhverfismál starfseminnar og ganga lengra eins og kostur er.
- Leggja sérstaka áherslu á, góða nýtingu auðlinda, lágmarkun úrgangs og aukna endurvinnslu, leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vistvæn innkaup.
- Vinna að framþróun umhverfismála með stöðugri vöktun og stýringu þeirra þátta sem valda neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Efla umhverfisvitund starfsmanna, hvetja til framsækni og umhverfisvænna úrlausna.
- Birta opinberlega upplýsingar um árangur í umhverfismálum og hvetja til samráðs við starfsmenn, rekstraraðila, nágranna og aðra hagaðila um málaflökkinn.

### 4. Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef félagsins.

Stefna þessi er í gildi og bera framkvæmdastjórnar ábyrgð á framfylgd hennar.

Samþykkt af forstjóra Isavia hinn 9. apríl 2015.

Björn Óli Hauksson,  
forstjóri Isavia